



Fundargerð

**Stjórn VJP - 115. fundur stjórnar VJP haldinn á Klapparstíg 25-27,
2. febrúar 2018, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Ármann Höskuldsson formaður, Ásta Berghildur Ólafsdóttir aðalmaður, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarfélaga, Sigmundur Einarsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Sigríður Ruth Magnúsdóttir aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Vilhjálmur Árnason varamaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri/kerfisstjóri og Halldór Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri.

Fundargerð ritaði: Ruth Magnúsdóttir, ritari og stjórnarmaður.

Embættismenn víkja af fundi.

Formaður ræddi úttekt umhverfis og auðlindaráðuneytisins á rekstri þjóðgarðsins. Stjórn felur formanni að koma sjónarmiðum stjórnar sem varða úttektina á framfæri við ráðherra.

1. Fjárhagsáætlun 2018 - 1709002

Framhald umræðu um fjárhagsáætlun 2018. Embættismenn mæta til fundar.

Vatnajökulsþjóðgarður hefur undanfarið haft rekstraráætlun fyrir árið 2018 til umfjöllunar. Fyrir liggur að skort hefur á gögn og upplýsingar um reksturinn á árinu 2017 við umfjöllun stjórnar. Þá liggur einnig fyrir að úttekt umhverfis- og auðlindaráðuneytis stendur yfir á fjárreiðum og rekstri þjóðgarðsins vegna talsvert neikvæðra frávika í rekstrinu á árinu 2017, miðað við samþykka rekstraráætlun þess árs.

Stjórn samþykkir rekstraráætlun fyrir árið 2018 á þeim forsendum sem fyrir liggja og með þeim áherslum sem lagðar hafa verið og ákveðnar af stjórn.

Atriði til lækkunar kostnaðar:

Skrifstofuhúsnæði í Reykjavík. Áætluð hagræðing til tveggja ára 16 milljónir, til þriggja ára 24 milljónir króna.

Hagræðing launa miðað við rauntölur 2017. Lækkun launakostnaðar um 50 milljónir.

Niðurskurður á öðrum rekstrarkostnaði 10%. Áætluð hagræðing 25 milljónir til tveggja ára og 35 milljónir til þriggja ára.

Atriði til hækkunar tekna:

Auka tekjur vegna sölu á vörum í garðinum um 10%. Áætluð tekjuaukning upp á 48 milljónir til tveggja ára og 72 milljóna til þriggja ára.

Aukin tekjuöflun vegna samninga vegna atvinnustarfsemi. Áætluð tekjuaukning 1 milljón til tveggja ára og 1,5 milljónir til þriggja ára.

Auknar tekjur af bílastæðagjöldum. Áætluð tekjuaukning 72 milljónir til tveggja ára og 100 milljónir til þriggja ára.

Með þessum hætti er hægt að ná fram hagræðingu og tekjuaukningu sem skilar allt að 212 milljónum til tveggja ára og 282,5 milljónum til þriggja ára.

Rekstraráætlun er vísað til lögbundinnar afgreiðslu svæðisráða. Stjórn áskilur sér rétt til að fjalla um og afgreiða viðauka með breytingum ef forsendur gefa tilefni til á næstu mánuðum, m.a. í kjölfar fyrrnefndrar úttektar.

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fóru yfir stöðu verkefnisins við gestastofu á Kirkjubæjarklaustri og lauslega yfir stöðu annara framkvæmda.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda í samráði við þjóðgarðsverði umsóknir til framkvæmda í innviðasjóð.

Sjórn ákveður að taka af framkvæmdafé þjóðgarðsins til að endurgreiða til framkvæmdaverkefnis vegna byggingar gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Það sem eftir stendur af framkvæmdafé þjóðgarðsins 12 milljónir munu verða til nýframkvæmda í þjóðgarðinum.

Stjórn bindur vonir við framlög úr innviðasjóði og mun framkvæmdaáætlun verða tekin til endurskoðunar þegar niðurstöður umsókna til sjóðsins liggja fyrir.

Fjármálastjóri leggur fram minnisblað um mögulega hagræðingu. Stjórn vísar skjalinu til umfjöllunar í svæðisráðum og til þjóðgarðsvarða. Að lokinni umfjöllun verði skjalið tekið fyrir í stjórn.

Stjórn bókar vegna húsnæðismála að skrifstofan á Klapparstíg verði rýmd eigi síðar en í lok þessa mánaðar.

Fundi slitið kl. 14:00.
